

Fundargerð – Fundur stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla:

Í Perlunni, 29. apríl 2021

Mættar:

Lena Viderø, formaður
Eygló Svala Arnarsdóttir, ritari
Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi
Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Fjarstödd:

Reynir Ingi Finnsson, varaformaður
Klara Geirsdóttir, gjaldkeri
Hallfríður (Halla) Brynjólfsdóttir, meðstjórnandi
Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Dagskrá:

Skóladagatal, vor-/hausthátíð, fræðsla, ljótt orðbragð/agavandamál – staða, símalaus skóli, vinnufundur.

Skóladagatal

Eirný sýnir nýja skóladagatalið, sem lítur vel út með starfsdaga upp við helgi og aðra frídaga. Það var þó takmarkað hversu langt var hægt að ganga. Berglind spurði hvers vegna þetta væri ekki miðlægt hjá Reykjavíkurborg. Eirný er ánægð með hversu mikið var hlustað á skólaráð og hversu framtakssöm Berglind hefur reynst.

Vor-/hausthátíð

Við fengum styrkinn frá Hverfissjóði fyrir vorhátíð, 450.000 kr. Lena ætlar að útskýra að við munum nota hann til að halda hausthátíð í staðinn þar sem sóttvarnaraðgerðir muni að öllum líkindum koma í veg fyrir að hægt verði að halda stóra hátíð í vor. Hins vegar er áhugi fyrir því

að skipuleggja einhvers konar vorhátíð og lagt var til að leggja það í hendur bekkjarfulltrúa hvers árgang fyrir sig. Eygló ætlar að taka að sér að skrifa drög að bréfi til bekkjarfulltrúa og hvetja þá til að skipuleggja eitthvað skemmtilegt fyrir sinn árgang, leggja til nokkrar hugmyndir (ratleik, bíó, grill á Klambratúni eða í Nauthólsvík, t.d.) og bjóða styrk frá foreldrafélaginu. Ræða þarf við stjórn hversu hár sá styrkur geti verið. Í framhaldinu mætti senda öllum foreldrum bréf til að láta vita að af hefðbundinni vorhátíð geti ekki orðið en að verið sé að skipuleggja óhefðbundna hátíð, að allar hugmyndir séu velkomnar og að áhugasamir geti haft samband við sína bekkjarfulltrúa. Lena og Eirný ræddu hvort útskriftarhátíðir fyrir 4. og 7. bekk (sem eru að fara upp um stig) gætu verið þeirra útgáfa af vorhátíð. 9. og 10. bekkur eru að fara í vorferð og e.t.v. gæti styrkurinn frá foreldrafélaginu verið framlag í ferðirnar.

Fræðsla

Rósa hefur heyrt af því að krakkarnir sem fengu fræðslu fyrir jól séu að spyrja hvenær sé hægt að fá fleiri fræðslufyrirlestra. Það var sérstök ánægja með Siggú Dögg. Bekkjarfulltrúar í 2. bekk eru áhugasamir um að fá fræðslu fyrir nemendur um góð samskipti. Lena segir frá atviki úr öðrum skóla þar sem fræðsla um einhverfu breytti öllu fyrir dreng sem hafði átt erfitt uppdráttar. Heimili og skóli hefur verið að bjóða afslátt af fræðslu fyrir foreldra, en meiri áhersla mætti leggja á fræðslu fyrir nemendur sem tengist því sem er í gangi í bekkjunum.

Ljótt orðbragð/agavandamál – staða

Eygló og Þorbjörg héldu fund með bekkjarfulltrúum 2. bekkjar fyrir páska. Þeir höfðu í framhaldinu samband við umsjónarkennara, lýstu yfir áhyggjum af ljótu orðbragði og áreitni og buðu fram samstarf. Því var vel tekið og talað var um að byrja með vínahópa næsta haust (þar sem foreldrar bjóða krökkum heim sem kennari raðar saman í hóp, krökkum sem leika venjulega ekki mikið saman).

Símalaus skóli

Lena talaði við Gizur í foreldrafélagi Réttarholtsskóla. Þau ætla að gerast símalaus skóli eins og Hlíðaskóli og eru að vinna að gerð fræðsluefnis. Verið er að óska eftir styrkjum frá öðrum

foreldrafélögum upp á 300.000 kr. Lena ætlar að óska eftir verk- og fjárhagsáætlun og síðan getur stjórnin greitt atkvæði um styrkinn. Í Hlíðaskóla stendur til að hafa æfingadaga í haust og síðan verður skólinn alfarið símalaus. Litið er til Ölduselsskóla sem hefur tekið þetta skref. Lena bendir á að Hlíðaskóli kom hvað verst út í könnun varðandi samveru ungmenna með foreldrum sínum. E.t.v. gæti þessi aðgerð orðið liður í því að þetta breytist til batnaðar.

Vinnufundur

Áhugi er fyrir því að halda vinnufund eins og við gerðum í fyrra til að gera upp árið. Lena vill kalla eftir skýrum ramma um hlutverk foreldrafélaga, formanns, varaformanns, o.s.frv., frá Reykjavíkurborg, þar sem skólum ber að hafa foreldrafélög skv. lögum. T.d. gildir sú regla um skólaráð að það skuli ekki fjalla um málefni einstakra nemenda. Gildir það sama um foreldrafélög? Hún ætlar að fá Sirrý í Samfok með í það.

Rætt var í lokin að óska fljótlega eftir fundi með Berglinni til að ræða stöðu ýmissa mála áður en skóla lýkur í vor, s.s. agamál og staða strengja.

Fundi slitið.